



# ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Verkefni nr. 20739**

**Þróunarsamvinna - Ráðgjöf á sviði sjálfbærrar nýtingar  
sjávarauðlinda og verndunar hafsins**

**Auglýst ferli um skráningu aðila til að annast ráðgjöf**

**á sviði fiskimála og verndunar hafsins í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands**

Verkefni 20739

## Lýsing

Ríkiskaup, fyrir hönd utanríkisráðuneytisins, auglýsir eftir ráðgjöfum til að sinna verkefnum á sviði sjálfbærrar nýtingar og verndunar hafsins í alþjóðlegu þróunarsamstarfi.

Ekki er um formlegt útboð að ræða heldur opinn og gegnsæjan feril með hliðsjón af VIII. kafla og 24. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

## Almennt

Verndun og nýting hafsins og auðlinda þess á sjálfbæran hátt (Heimsmarkmið nr. 14) eru áherslusvið í íslenskri þróunarsamvinnu og er þróunarframlag Íslands m.a. veitt í formi tæknilegrar aðstoðar í verkefnum í þróunarlöndum. Verkefni eru bæði rekin í tvíhliða samstarfi og í marghliða samstarfi við alþjóðlegar stofnanir s.s. Alþjóðabankann og stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðuneytið auglýsir nú eftir ráðgjöfum, jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum, til að sinna verkefnum á sviði sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda og verndunar hafsins í alþjóðlegu þróunarsamstarfi. Um ráðgjafalista er að ræða þannig að ekki er um sérstaklega skilgreind verkefni að ræða á þessu stigi, heldur mun umfang og eðli verkefna ráðast af eftirspurn frá samstarfsaðilum s.s. samstarfslöndum og alþjóðastofnunum.

Komi til þess að ráðgjafi/fyrirtæki sé fengið til verkefnis, eru samningsdrög vegna þess meðfylgjandi.

### Umsjónaraðili ferilsins:

Heiti: Ríkiskaup  
Heimili: Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími: 530-1400  
Netfang: [utbod@rikiskaup.is](mailto:utbod@rikiskaup.is)  
Verkefnastjóri: Indriði Waage

---

## Yfirlit:

- Auglýsing send út: **23.04.2018**
- Skráningar og fyrirspurnir skulu sendar á: [utbod@rikiskaup.is](mailto:utbod@rikiskaup.is) merktar „**20739-Þróunarsamvinna - Ráðgjöf á sviði sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda og verndunar hafsins**“
- Skilafrestur þátttökutilkynninga: **18.05. 2018, kl. 12:00**
- Skráning gildir í 36 mánuði

Fyrirspurnir skulu sendar á ofangreint netfang eigi síðar en 4 dögum fyrir skilafrest (þ.e. eigi síðar en **14.05.2018**) og verður þeim svarað eigi síðar en 2 dögum fyrir skilafrest þátttökutilkynninga (þ.e. eigi síðar en **16.05.2018**). Þátttakendur eru hvattir til að kynna sér vel hvort svör eða breytingar hafi verið birt áður en skráning er send inn. Svör við fyrirspurnum verða einvörðungu birt á heimasíðu Ríkiskaupa en ekki send fyrirspyrjendum. Áréttað er að fyrirspurnir skulu eingöngu berast í gegnum Ríkiskaup.

Ekki er um formlegan opunarfund að ræða en birtur verður listi á heimasíðu Ríkiskaupa yfir þá sem sendu inn þátttökuskráningu.

Verkefni 20739

Þátttakendur skulu skila skráningum sínum á ofangreint netfang merkt „**20739 Þróunarsamvinna - Ráðgjöf á sviði sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda og verndunar hafsins**“. Vinsamlegast óskið eftir staðfestingu á móttöku.

Með þátttökuskráningu skulu fylgja öll umbeðin gögn sem sýna fram á og staðfesta að þátttakendur uppfylli hæfiskröfur. Utanríkisráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari gögnum, s.s. prófskírteinum.

## Hæfiskröfur

Þau sérfræðisvið sem sérstaklega er óskað eftir eru:

1. Fiskveiðistjórnun og -eftirlit
2. Virðisikeðja fiskveiða, veiðar, vinnsla, markaðs- og gæðamál
3. Fiskihagfræði og fjármögnun
4. Jafnréttismál í virðisikeðju fiskveiða
5. Stefnumótun, regluverk, lagaumhverfi og hafréttarmál
6. Öryggismál
7. Fiskeldi og innviðir
8. Mengunarmál í hafi og við strendur, sérstaklega plastmengun, meðferð úrgangs
9. Bláa lífhagkerfið
10. Nýsköpun í nýtingu sjávarafurða
11. Stuðningur við samvinnu og þekkingarmyndum í kringum nýsköpun og viðskiptahraðla í tengslum við nýtingu sjávarafurða og uppbyggingu fyrirtækja
12. Stjórnun og skipulagsmál á strandsvæðum
13. Hafnir, stjórnun, skipulagsmál og vistvæn hönnun hafnarmannvirkja

Einungis er óskað eftir sérfræðingum sem uppfylla skilyrði A og B ráðgjafa.

**A:** Ráðgjafi með háskólapróf í viðeigandi grein skv. sérfræðisviði og meira en 20 ára reynslu af verkefnum tengdum nýtingu sjávarauðlinda og verndun hafsins. Ráðgjafar skulu hafa gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli.

**B:** Ráðgjafi með háskólapróf í viðeigandi grein skv. sérfræðisviði og meira en 5 ára reynslu af verkefnum tengdum nýtingu sjávarauðlinda og verndun hafsins. Ráðgjafar skulu hafa gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli.

## Verkefni

Verkefnin verða unnin samkvæmt skilgreindum beiðnum og verklýsingum frá samstarfsaðilum s.s. ráðuneytum í samstarfslöndum, verkefnisteymum Alþjóðabankans eða öðrum alþjóðlegum samstarfsstofnunum. Verk geta verið af öllum stærðargráðum en búist er við að algengt verði að verkefni verði á bilinu 50-400 tímar.

Utanríkisráðuneytið mun halda utan um skrá áhugasamra ráðgjafa og fyrirtækja og gera staðlaðan samning um verkefni beint við viðkomandi fyrirtæki/einstakling á grundvelli meðfylgjandi samningsdraga.

Verkefni 20739

Tilkynning um skilgreind verkefni verður send á alla þátttakendur á ráðgjafalistanum og þeir beðnir um að tilkynna áhuga sinn fyrir viðkomandi verkefni og hvort þeir eru tiltækir innan tiltekins tímaramma. Einungis þeir þátttakendur sem tilkynna áhuga sinn, og hafa viðeigandi þekkingu og reynslu fyrir viðkomandi verkefni verða teknir til greina við val á ráðgjöfum í verkefni hverju sinni.

Skráning á listann tryggir ekki að viðkomandi fyrirtæki/ráðgjafi fái verkefni.

## Greiðslur

Um verður að ræða fasta ráðgjafataxta í verkefnum. Ráðgjafar og fyrirtæki sem senda inn áhugayfirlýsingu staðfesta með þátttöku á ráðgjafalistanum að þau muni vinna á þessum töxtum. Verð miðast við dagtaxta (8 tíma á dag) og taka mið af ráðgjafatöxtum Alþjóðabankans. Dagtaxtar eru þeir sömu óháð hvort unnið er á heimaskrifstofu eða á vettvangi í þróunarlandi.

Fyrirtæki<sup>1</sup> Ráðgjafi í flokki A: 125.000 ISK

Ráðgjafi í flokki B: 105.000 ISK

Einstaklingar<sup>2</sup> Ráðgjafi í flokki A: 96.000 ISK

Ráðgjafi í flokki B: 80.000 ISK

Val á ráðgjöfum í einstök verkefni verður alla jafna í höndum viðkomandi alþjóðastofnana og samstarfsaðila.

## Samningstími

Þátttökuskráning gildir í þrjú ár. Opnað verður fyrir nýjar umsóknir og skráningu árlega og verð endurskoðuð, sé ástæða til, miðað við ráðgjafataxta Alþjóðabankans.

Sýnishorn af samningsdrögum fylgja með skráningargögnum.

## Fylgigögn

1. Skráningarform
2. Ferilskrá ráðgjafa á formi Alþjóðabankans.
3. Listi yfir viðeigandi reynslu fyrirtækis/ráðgjafa af verkefnum s.l. sjö ár.
4. Kynningarefni fyrirtækis ef við á, að hámarki 10 blaðsíður.

Fylgigögnum 2, 3 og 4 skal skila á ensku.

<sup>1</sup> Miðað er við að fyrirtæki séu með fleiri en þrjú ráðgjafa á listanum, þar af einn í A flokki. Ráðgjafar sem fyrirtæki skrá skulu vera starfsmenn þess fyrirtækis og ráðningarsamband vera þar á milli.

<sup>2</sup> Miðað er við einstaklingsverð þó ráðgjafi reki eigið fyrirtæki, ef færri en þrjú ráðgjafar frá því fyrirtæki eru skráðir á ráðgjafalistann.